



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/109

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/2228*  
*komudagur 29.5.2002*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
heilbrigðis- og trygginganefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

29. maí 2002


**Efni: Þingsályktunartillaga um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál.**

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 13. þ.m., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar. Í tillögunni er skorað á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga, sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili álitni innan árs. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

Í greinargerð með þingsályktunartillögu sinni nefna flutningsmenn tölur um hugsanlegar breytingar á aldurssamsetningu íbúa iðnvæddra ríkja á næstu áratugum. Í því sambandi nefna þeir, að árið 2030 geti staðan orðið sú, að aðeins tveir vinnandi menn verði fyrir hvern eftirlaunaþega. Augljóst er, að gangi þessi þróun eftir, mun slíkt hafa margvislegar afleiðingar í för með sér, og reyna mjög á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi iðnvæddra ríkja. Fyrr á þessu ári gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út skýrslu, sem ber heitið „EU-pension reform – an overview of the debate and an empirical assessment of the main policy reform options“. Niðurstöður eða vísbendingar, sem í því riti er að finna, eru e.t.v. ekki alveg jafnnálægar í tíma eins og flutningsmenn þingsályktunartillögunnar telja. Þannig er áætlað, að innan Evrópusambandsins verði tveir í starfi á móti hverjum einum eftirlaunaþega árið 2050, eða 20 árum síðar en flutningsmennirnir nefna. Þetta misræmi er þó aukaatriði, því óumdeilt er að lækkandi eftirlaunaaldur, hækkandi lífaldur og fækkun barnsfæðinga muni fara að hafa mikil áhrif þegar á næstu 10 árum eða svo. Í skýrslu Evrópusambandsins kemur og fram, að sem fyrst og í sem allra ríkustum mæli verði söfnun og sjóðamyndun að standa undir kostnaði við framfærslu og heilsugæslu hinna eldri, engan veginn sé unnt að byggja á „pay as you go – kerfi“.

Samband íslenskra tryggingafélaga styður það, að ríkisstjórnin eða önnur til þess bær stjórnvöld hlutist til um úttekt á áhrifum fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu íslensku þjóðarinnar á lífeyris- og heilbrigðiskerfið. Engin afstaða er á hinn bóginn tekin til þess, hvort verkefni þetta skuli falið sérstökum vinnuhópi sérfræðinga, eins og flutningsmenn leggja til, eða verkefnið falið sérfræðingi, opinberri stofnun eða almennu fyrirtæki. Mestu varðar, að í þessa úttekt verði ráðist sem fyrst. Gæti hún orðið mikilsvert gagn við stefnumörkun stjórnvalda í framtíðinni.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson